

Aukafundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 28. ágúst 2022 kl.

16:15 á Microsoft Teams

Mætt: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Olga Líska Garðarsdóttir (skólameistari), Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson og Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

Umræður um stöðu mála og næstu skref:

- Rætt um mikilvægi þess að til staðar séu verkferlar til að taka á alvarlegum málum sem geta komið upp í skólanum.
- Rætt um sameiginlega yfirlýsingu sem gefin verður út í kjölfar fundarins. Hún lesin upp og samþykkt með nokkrum breytingum.
- Rætt um komandi viku og þau skref sem þarf að stíga. Fundað verður með fulltrúum nemenda á morgun og fulltrúum foreldra á næstunni. Þá verður einnig beðið um ráðgjöf frá utanaðkomandi fagaðilum. Áfram verður unnið í málinu með heimilum beggja aðila. Stefnt er á fund með allri skólanefndinni miðvikudaginn nk.

Næsti aukafundur verður boðaður á morgun, mánudag, kl. 16:30.

Fundi slitið kl. 17:05

Jón G. Valgeirsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Sigríður Anna
Sigurður Einar Guðjónsson
Sigursveinn Sigurðsson
Olga Líska